

Mál nr. 278/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

- Málskot móttakið 31. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 3. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 6. ágúst 2023 hafi M verið búinn að bakka bifreið sinni, A, úr bifreiðastæði við verslun X og verið við það að leggja af stað þegar innkaupakerra rann af stað inn í hægri hlið bifreiðarinnar. Hafi nokkrar kerrur verið saman við hjólagrindur fyrir utan verslunina. Hjólagrindin var staðsett í halla svo kerran hafði runnið af stað, niður kant og á bifreið M. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns á bifreiðinni A. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2023, hafnaði V bótaskyldu. M telur X bera bótaábyrgð vegna tjónsins. Starfsmenn hafi verið meðvitaðir um aðstæðurnar og hættuna sem skapast á bifreiðastæðinu. Eftir tjónið hafi verið settir upp steyptir bekkir til að fyrirbyggja tjón af þessu tagi. Enginn vindur hafi verið þennan dag og því megi eingöngu rekja tjónið til gáleysis starfsmanna X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V aflaði upplýsinga frá X og þar hafi komið í ljós að aðstæður hafi verið með fullnægjandi hætti enda hafi verið nóg pláss í kerrustæðum þar sem þau hefðu verið nýtt. Með því að vera með starfsmann á vakt sem fór út með reglubundnum hætti hafi X uppfyllt skilyrði um það sem verslun geti gert til að koma í veg fyrir tjón. Ekki sé hægt að ætlast til þess að starfsmenn X fylgi hverjum viðskiptavini út til þess að tryggja að þeir gangi frá kerrum með þeim hætti að ekki hljóti af þeim tjón.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreið M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Ljóst er að umrædd innkaupakerra sem rann utan í bifreið M hefur ekki verið skilin eftir í viðeigandi kerrustæði á bifreiðastæðinu, heldur var hún skilin eftir við hjóla rekka sem staðsettur er fyrir framan bifreiðastæði við verslunina. Í málskoti sínu vísar M til frásagnar ónafngreindra starfsmanna X sem að sögn M voru meðvitaðir um aðstæður og hættuna sem þetta skapaði á bifreiðastæðinu. Leggur M ekki fram vitnaframburði eða önnur gögn sem styðja það að starfsmenn X hafi verið meðvitaðir um þessa hættu eða að slík tjón hefðu áður gerst. Það að X hafi ákveðið eftir tjónið að setja steypta bekki til að minnka líkur á slíku tjóni felur ekki í sér viðurkenningu á bótaskyldu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að tjónið megi rekja til saknæms athafnaleysis af hálfu starfsmanna X enda var starfsmaður á vegum X úti að taka kerrur af stæðinu. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir